

Nd.

518. Tillaga

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu.

Frá minni hluta Þegnskyldunefndarinnar.

Alþingi skorar á landstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu um það, hvort lögbjóða skuli skylduvinnu, fyrir alla heilbrigða karlmenn, við verk í þarfir hins opinbera, einhverntíma á aldrinum 17—25 ára, allt að 3 mánaða tíma, í eitt skifti.

Atkvæðagreiðsla þessi sje leynileg og fari fram samhliða næstu almennum kosningum.